

L Ö G

19

26. febr.

um eignarnámsheimild fyrir Siglufjarðarkaupstað á jörðinni Höfn í Siglufirði.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Siglufjarðarkaupstað er heimilt að taka eignarnámi jörðina Höfn í Siglufirði (þann hluta, sem ekki er þegar í eign kaupstaðarins), ef ekki næst samkomulag við eigendur um kaup.

2. gr.

Eignarnám það, sem um ræðir í 1. gr. hér að framan, skal framkvæmt samkvæmt lögum nr. 61 14. nóv. 1917, um framkvæmd eignarnáms.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 26. febrúar 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Vilhjálmur Þór.

L Ö G

20

26. febr.

um búfjártryggingar.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Stofna skal sérstaka deild við Brunabótafélag Íslands og undir stjórn þess, er nefnist Búfjártryggingardeild.

2. gr.

Verkefni Búfjártryggingardeildar er að taka að sér váttryggingu búfjár gegn vanhöldum og slysum, allt eftir þeim nánari reglum, sem lög þessi og reglugerð setja.

3. gr.

Skýlt er að tryggja í deildinni gegn venjulegum vanhöldum:

- a. Kynbótanaut og kynbótahesta, sem notaðir eru í félögum, sem styrks njóta af opinberu fé.
- b. Bústofn sauðfjárkynbótabúa og annarra kynbótabúa, sem rekin eru með opinberum styrk og undir opinberu eftirliti.

Ákvæði um aldur búfjár, sem tekið er í tryggingu, skal setja í reglugerð.